Innkaup - Framkvæmd

Framkvæmd



Ábyrgð og framkvæmd

1. Innkaup eru eingöngu gerð hjá birgja sem býður fram vöru eða þjónustu sem uppfyllir kröfur Matvælastofnunar um gæði og hagkvæmni.

Samráð skal haft við upplýsingatæknistjóra um kaup/smíði á upplýsingakerfum. Hann sér til þess að upplýsingakerfi verði áhættumetin áður en kaup/smíðin fara fram. Einnig skal upplýsingatæknistjóri tryggja að vinnslusamningur við þjónustuaðila upplýsingakerfa liggi fyri áður en kaup fara fram. Í slíkum samningi verði m.a. gerð grein fyrir öryggi gagna/upplýsinga.

2. Starfsmaður Rekstrar sér um innkaup í samræmi við beiðni/ birgðastöðu. Beiðni getur komið í tölvupósti eða símleiðis og fer þá ýmist fram pöntun með símtali eða t-pósti. Áður en innkaup eru framkvæmd kannar starfsmaður skrá yfir viðurkennda birgja, leitar samþykkis upplýsingatæknistjóra sé um upplýsingakerfi að ræða sem og samþykkis forstöðumanns Rekstrar sé um umtalsverða fjárhæð innkaupa að ræða.

Innkaupin fara í reikning eða starfsmaður fer og kaupir inn og greiðir fyrir vöruna með innkaupakorti stofnunarinnar. Við móttöku vöru er kannað hvort tegund, magn og verð sé rétt og óspillt. Starfsmenn á öðrum starfstöðvum koma að innkaupum fyrir sína starfstöð.

3. Þegar reikningur berst sendir bókari hann áfram til þess sem hefur pantað vöruna. Viðkomandi samþykkir með undirskrift sinni eða tölvupósti ef við á og sendir aftur til bókunar hjá bókara. Ef reikningur er rangur sendir bókari hann aftur til birgja og biður um leiðréttingu. Reikningar fyrir fastar greiðslur eins og t.d. húsaleiga, sími, hiti og rafmagn fara beint til fjármálastjóra til uppáskriftar.

4.Bókari stimplar reikninginn og fyllir út í stimpilinn tilvísun LBE-033 á hvaða sviði, hvaða tegund og hverjum hann tilheyrir ásamt kennitölu birgja og upphæð. Bókari fer með reikninginn til fjármálastjóra sem endanlega samþykkir hann með undirskrift sinni eða forstjóri í fjarveru fjármálastjóra. Reikningurinn fer síðan aftur til bókara sem bókar hann í bókhaldskerfi Oracle og vistar síðan í möppu hjá sér merkt *Bókhald 20/ xx.*